

**Starfslýsingar og hæfnikröfur
bygginga- og mannvirkjagreina**

Starflýsing

Húsasmiður byggir ný hús og húshluta og kemur að viðhaldi og endurbyggingu húsa og húshluta, samgöngu- og orkumannvirkja. Húsasmiður slær upp steypumótum, reisir og klæðir timburvirki úti og inni, hann smíðar og setur upp innréttingar, hurðir, glugga, klæðir veggi loft og gólf inni og annast uppsetningu og frágang á ýmsum hlutum innanhúss.

Húsasmiður velur vinnuaðferðir, efni og verkfæri við hæfi og hefur innsýn í aðra verkþætti sem tengjast starfi hans. Hann vinnur verkefni á verkstæði og byggingastað eftir teikningum, verklýsingum og leiðbeiningum í samræmi við lög og reglugerðir.

Húsasmiður fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Húsasmiður sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Húsasmiður er lögverndað starfsheiti og húsasmiði er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Húsamiður:

- þekkir til jarðvegsvinnu og þjöppunar undir hús og mannvirki og annast uppslátt steypumóta. Hann þekkir blöndun, niðurlögn og meðferð steinsteypu og áhættuþætti sem geta valdið steypuskemmdum. Þá þekkir hann grunnatriði í burðarþolsfræði og hlutverk járnþendingar í steinsteypu.
- er fær um að lesa bygginganefndar-, burðarvirkja- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta. Hann færir út mælipunkta, staðsetur hús, afsetur hæðir, teiknar upp deililausnir og frágang s.s. á gluggum, hurðum og þökum – fríhendis og með teikniforritum. Hann hefur fengið þjálfun í notkun helstu mælitækja.
- setur upp útveggjagrindur og gengur frá klæðningum, smíðar þök og sér um frágang þeirra og smíðar og setur upp vinnupalla. Hann annast uppsetningu léttra innveggja og setur upp gólf- og loftagrindur og klæðningar. Hann smíðar og setur upp húseiningar.
- einangrar og gengur frá rakavarnarlagi, þekkir grundvallarlögmál og fer eftir reglum um hljóðvist, eldvarnir, varmaeinangrun og raka- og vindvarnir mannvirkja.
- smíðar og annast ísetningu glugga, úti- og innihurða og ísetningu glers. Smíðar og setur upp innréttingar og stiga. Hann smíðar, spónleggur, undirvinnur og yfirborðsmeðhöndlar tréverk.
- metur þörf og annast viðhald og endurnýjun húsa og húshluta. Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa. Hann þekkir og fer eftir lögum og reglum um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem hentar hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast og til notkunar á tölvustýrðum trésmíðavélum.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.

Starfslýsing

Húsgagnasmiður annast nýsmíði og gerir upp og endurnýjar gömul húsgögn og innréttingar, smíðar leiktjöld og leikmuni og innréttingar í skip og báta. Hann vinnur út frá hugmyndum og verklýsingum hönnuða eða eftir eigin teikningum og hann velur efni og vinnuaðferðir sem henta hverju sinni. Hann vinnur á verkstæði og byggingastað.

Húsgagnasmiður fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann ver sig gegn hættum á vinnustað. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Húsgagnasmiður sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Húsgagnasmiður er lögverndað starfsheiti og húsgagnasmíði er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Húsgagnasmiður:

- smíðar plötu- og grindarhúsgögn, sethúsgögn, útihurðir og glugga. Smíðar og setur upp innréttingar, innihurðir og tréstiga. Hann spónleggur, slípar, undirvinnur og yfirborðsmeðhöndlar fleti. Hann klæðir gólf, vegg og loft innanhúss.
- þekkir lög málg og fer eftir reglum um hljóðvist og eldvarnir.
- metur þörf og annast viðhald og breytingar á húsgögnum, innréttingum og tréverki innanhúss. Hann þekkir og fer eftir lögum og reglum um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem hentar hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast og til notkunar á sérhæfðri vélavinnu og tölvustýrðum trésmíðavélum. Hann þekkir grunnatriði lita- og formfræði og helstu stíltímabil.
- er fær um að lesa teikningar og deiliteikningar af einstökum húsgögnum og innréttingum. Hannar húsgögn og innréttingar og teiknar upp deililausnir og frágang – fríhendis eða með teikniforritum.
- skipuleggur verkefni til fjöldaframleiðslu.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.

Starfslýsing

Málari ný- og endursparslar og málal einstaka húshluta og byggingar að utan sem innan, samgöngu- og orkumannvirki og skip. Hann vinnur við nýbyggingar, endurbyggingar, viðhald og viðgerðir, inni og úti. Hann velur vinnuaðferðir, verkfæri og efni við hæfi og út frá óskum viðskiptavina.

Málari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann ver sig gegn hættum á byggingavinnustað. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Málari sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Málari er lögverndað starfsheiti og málaraíðn er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Málari:

- er fær um að lesa bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta.
- velur efni, annast alla undirvinnu og ný- og endurmálar yfirborð, inni og úti. Hann sand- og gipsspartlar.
- skreyti- og áferðamálar, lakkar parket, olúber tré og kork. Hann teiknar upp og útfærir máluð og þrykkt skilti og auglýsingar, bæði í höndunum og tölvutækum teikni- og hönnunarforritum.
- kann meðferð og notkun á eldvarnarmálningu og þekkir helstu votrymiskerfi.
- metur steypu og steypugalla og ákveður hvort hann eða aðrir iðnaðarmenn annast viðgerðir.
- metur þörf og annast viðhald. Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa. Hann þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa, gamlar byggingarhefðir, handverk og eldri málningaraðferðir.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem hentar hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast og hefur gott vald á notkun áferðabreytandi efna. Hann þekkir lita- og formfræði og helstu stíltímabil.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.

Starfslýsing

Múrari vinnur innan- og utanhúss við steypulögn og múrun nýbygginga og annast viðhald og endurbyggingu á steinsteypu og múrhúðun húsa og húshluta, samgöngu- og orkumannvirkja. Hann velur vinnuáferðir, efni og verkfæri við hæfi og hefur innsýn í burðarvirki. Hann vinnur verkefni á staðnum eftir teikningum, og leiðbeiningum í samræmi við lög og reglugerðir.

Múrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Múrari sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuáferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Múrari er lögverndar starfsheiti og múraraiðn er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Múrari:

- er fær um að lesa bygginganefndar-, burðarvirkja- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta. Hann færir út mælipunkta, staðsetur hús, afsetur hæðir, teiknar upp deililausnir og frágang s.s. á gluggum og hurðum og hefur fengið þjálfun í notkun helstu mælitækja.
- sér um burðar- og drenfyllingar og þjöppun í mannvirkjagrunnum og leggur steypustyrktarjárn og bendinet í steinsteypuvirki. Hann þekkir grunnatriði í burðarþolsfræði.
- blandar og leggur steinsteypu með ýmsum aðferðum s.s. laser, víbrasleða, vibrator eða algengum hjálpartækjum og hefur góða þekkingu á steypugöllum og steypuskemmdum.
- annast uppsetningu forsteypra húseininga og einangrar hús og húshluta. Hann mótar gólf með steinsteypu, hefðbundnum sementsefnum eða flotsparsli. Hann leggur í gólf og stiga hefðbundna gólfaflögn, terrassölögn, steinteppi og epoxýgólf og hann leggur flísar, mósaík og náttúrustein, bæði innan- og utanhúss.
- múr- og þunnhúðar veggir og loft ýmist með hefðbundnum sementsefnum, múrkerfum, akrýlmúr, gifshúðun, sandspartli eða steiningu. Hann hleður úr milliveggjaplötum og milliveggjaeiningum, glersteini, plastkubbum og hleðslusteini og hann hleður bæði opin og lokuð eldstæði.
- þekkir lög málgang og fer eftir reglum um hljóðvist, eldvarnir, varmaeinangrun og raka- og vindvarnir mannvirkja.
- metur þörf og annast viðhald vegna múr- og steypuskemmda. Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa. Hann þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem hentar hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðislega ábyrgð sína og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.

Starflýsing

Plasttæknir er sérhæfður í smíði og viðgerðum á hlutum gerðum úr trefjastyrktu plasti.

Hann:

- a) starfar við framleiðslu á vörum úr plasti, bæði úr hitadeigu og hörðu.
- b) starfar hjá fyrirtækjum sem smíða og gera við hluti úr trefjastyrktu plasti.
- c) starfar við afgreiðslu og ráðgjöf við val á vörum til plastframleiðslu.
- d) starfar sem sérhæfður starfskraftur í plastsmíði undir stjórn annarra eftir að hafa lokið námi í plastsmíði.

Plasttæknir kann skil á öllum helstu verkþáttum plastsmíði og skipuleggur og vinnur sjálfstætt margvísleg sérhæfð störf tengd plastsmíði. Hann þekkir til plastefna og efna sem notuð eru við smíði úr trefjastyrktu plasti. Hann þekkir til þeirra umhverfisþátta sem hafa áhrif á eiginleika plastefna. Hann þekkir þær hættur sem fylgja notkun og förgun plastefna bæði með tilliti til heilsufars og umhverfisverndar. Hann þekkir verkfæri og tæki og meðferð þeirra í daglegum störfum plastsmíða og getur metið, annast, útfært og framkvæmt á réttan hátt alla verkþætti trefjaplastsmíði. Hann getur metið ástand eldri hluta sem smíðaðir eru úr trefjastyrktu plasti.

Hæfnikröfur

Plasttæknir

- hefur tileinkað sér færni og leikni í vinnubrögðum í plastsmíði og getur unnið á ábyrgan hátt að öllum helstu verkþáttum smíða og viðgerða á styrktu plasti.
- getur lesið, skilið og teiknað, samkvæmt reglum, stöðlum og venjum, einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og þrívíðar teikningar í fríhendi teikningu og í tölvu.
- getur forgangsraðað verkefnum, undirbúið vinnusvæði og pantað nauðsynlegar vörur.
- hefur þekkingu og skilning á grunnatriðum í uppbyggingu plasts, getur metið gæði hráefna og fullunninnar vöru, og hefur þekkingu og skilning á því hvernig mismunandi verklag og veðrun hefur áhrif á gæði trefjastyrkts plasts.
- hefur þekkingu á þeim umhverfisþáttum sem hafa áhrif á eiginleika plastefna
- hefur þekkingu á hættum sem fylgja notkun og förgun plastefna með tilliti til heilsufars og umhverfisverndar.
- getur unnið eftir flæðiriti og framkvæmt ástands- og gæðamat
- þekkir lög og reglur sem gilda um smíði úr trefjastyrktu plasti og hefur þekkingu á skráningu og lagaskyldri upplýsingagjöf.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar.
- hefur þekkingu og skilning á almennum ákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna og þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að meta eigin vinnu og tjá sig um fagleg málefni.

Starflýsing

Plastbátasmiður er sérhæfður í smíði og viðgerðum á hlutum gerðum úr trefjastyrktu plasti. Hann starfar við framleiðslu á vörum úr plasti, bæði úr hitadeigu og hörðu. Hann starfar hjá fyrirtækjum sem smíða og gera við hluti úr trefjastyrktu plasti. Plastsmiður B starfar jafnframt við afgreiðslu og ráðgjöf við val á vörum til plastframleiðslu. Plastsmiður B getur starfað sem sérhæfður starfskraftur í plastsmiði.

Plastbátasmiður kann skil á öllum helstu verkþáttum plastsmiði og skipuleggur og vinnur sjálfstætt margvísleg sérhæfð störf tengd plastsmiði. Hann þekkir verkfæri og tæki og meðferð þeirra í daglegum störfum plastsmiða og getur metið, annast, útfært, framkvæmt á réttan hátt alla verkþætti trefjaplastsmiði. Hann getur metið ástand eldri hluta sem smíðaðir eru úr trefjastyrktu plasti.

Plastbátasmiður skipuleggur m.a. framleiðsluferli og velur hráefni til smíða og viðgerða á vörum úr trefjastyrktu plasti skv. reglugerðum þar að lútandi. Hann getur m.a. annast verkstjórn og unnið alla verkþætti við hvers kyns smíði og viðgerðir á vörum úr trefjastyrktu plasti og unnið að gæðastjórnun og innra eftirliti í fyrirtækjum.

Hæfnikröfur

Plastbátasmiður

- hefur tileinkað sér færni og leikni í vinnubrögðum í plastsmíði og getur unnið á sjálfstæðan og ábyrgan hátt að öllum verkþáttum smíða og viðgerða á trefjastyrktu plasti.
- getur lesið, skilið og teiknað, samkvæmt reglum, stöðlum og venjum, tæknilegar vinnuteikningar og þrívíðarteikningar í fríhendingsteikningu og í tölvu.
- getur annast flutning og slíptöku á bátum.
- þekkir uppbyggingu og gerð kostnaðaráætlana, töflureikna og aðferðir við áætlanagerð auk helstu reglna sem fylgt er við gerð tölvutækrar verkáætlunar.
- getur skipulagt verkferla og forgangsraðað verkefnum.
- hefur þekkingu og skilning á uppbyggingu plastics, getur metið gæði hráefna og fullunninnar vöru, og hefur þekkingu og skilning á því hvernig mismunandi verklag og veðrun hefur áhrif á gæði trefjastyrkts plastics.
- getur skipulagt flæðirit og gæðaeftirlit og framkvæmt ástands- og gæðamat.
- þekkir lög og reglur er gilda um smíði úr trefjastyrktu plasti og hefur þekkingu á skráningu og lagaskyldri upplýsingagjöf.
- getur starfað sem verkstjóri og hefur þekkingu og skilning á helstu þáttum verkstjórnar. Getur borið ábyrgð á nemendum í starfsþjálfun ásamt yfirmanni fyrirtækis.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar, reglur um meðferð og notkun hættulegra efna og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir.
- hefur þekkingu og skilning á almennum ákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna og þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að meta eigin vinnu og annara, tjá sig um fagleg málefni og leiðbeina öðrum.

Starfslýsing

Pípulagningamaður leggur og tengir vatnshita-, neysluvatns- og frárennsliskerfi og setur upp og sér um sérhæfð lagnakerfi. Hann vinnur við ný- og endurbyggingu húsa, samgöngu- og orkumannvirkja. Hann velur vinnuaðferðir, pípulagningarefni og verkfæri sem henta hverju sinni. Hann vinnur verkefni á verkstæði og verkstað eftir teikningum og leiðbeiningum í samræmi við lög og reglugerðir.

Pípulagningamaður fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Pípulagningamaður sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Pípulagningamaður er lögverndað starfsheiti og pípulagnir eru löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Pípulagningamaður:

- er fær um að lesa bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta. Hann er fær um að hanna og útfæra hita-, vatns- og frárennislagnir og teikna upp deililausnir og frágang. Hann færir út mælipunkta sem afmarkast af staðsetningu húss til að staðsetja og afsetja hæðir fyrir frárennislagnir og brunna.
- leggur vatnshitakerfi innanhúss s.s. ofnakerfi og gólfhitalagnir, setur upp stýrikerfi, þrýstiprófar og gangsetur hitakerfi og samhæfir virkni þeirra. Hann leggur neysluvatnskerfi fyrir heitt og kalt vatn innanhúss og setur upp og tengir hreinlætis- og heimilistæki. Hann leggur og þrýstiprófar frárenniskerfi innanhúss og í jörðu og tengir lagnakerfi við veitakerfi. Þá setur hann upp og stillir búnað í tækjaklefum.
- setur upp og annast sérhæfð lagnakerfi, s.s. gas, þrýstilofts- og súrefniskerfi, varmadælur og kælirafta. Hann leggur snjóbræðslukerfi og setur niður og tengir stofnlagnir og deilirör. Hann leggur vatnsúða- og slökkvikerfi með viðeigandi stjórnbúnaði og getur annast umsjón þeirra. Þá leggur hann að og tengir við tæki í loftræstikerfum og setur upp og tengir rotþrær.
- metur þörf og annast viðhald og viðgerðir á lagnakerfum og búnaði þeim tengdum. Hann þekkir og fer eftir lögum og reglum um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.

Starfslýsing

Veggfóðrari undirvinnur og setur undirlag, veggfóðrar, dúkleggur og leggur ýmsar gólf- og veggklæðningar á einstaka húshluta að utan sem innan. Hann vinnur við nýbyggingar, viðhald og endurbyggingu húsa, samgöngu- og orkumannvirkja. Hann velur vinnuaðferðir, verkfæri og efni við hæfi og út frá óskum viðskiptavina.

Veggfóðrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann ver sig gegn hættum á vinnustað. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun.

Veggfóðrari sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Hann getur annast samskipti við verkkaupa og leiðbeint kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Hann sýnir kostnaðarvitund og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hann hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Veggfóðrari er lögverndað starfsheiti og veggfóðrun er löggilt iðngrein.

Hæfnikröfur

Veggfóðrari:

- er fær um að lesa bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta. Hann færir út mælipunkta, afsetur hæðir, teiknar upp deililausnir og frágang – fríhendis eða með teikniforritum. Hann hefur fengið þjálfun í notkun helstu mælitækja.
- rakamælir gólf, flotar og setur undirlag. Hann undirvinnur vegg, loft, stiga og gólf og leggur dúka, teppi, veggfóður, striga og fíberstriga. Hann leggur að og gengur frá aðliggjandi efnum.
- leggur sérhæfða gólfduka og býr til og fellir skrautborða eða mynd í þá, leggur mósaíkmottur, epoxy, sérhæfða striga, plötur, spón og gólfplötur með sléttum eða nótuðum köntum. Hann leggur þak- og sundlaugadúka.
- hann þekkir lögmál og fer eftir reglum um hljóðvist, varmaeinangrun og eld- og rakavarnir.
- metur þörf og annast viðhald, endurnýjar og gerir við gólf-, vegg- og loftaefni. Hann þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa og þekkir gamlar byggingarhefðir og handverk.
- velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni. Hann þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast og notkun á tölvustýrðum skurðarvélum. Hann þekkir grunnatriði lita- og formfræði og helstu stíltímabil.
- þekkir og fer eftir lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar og er meðvitaður um þrif og nauðsyn þess að ganga vel um vinnustað sinn.
- þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum við efnisval og framkvæmdir og reglum um meðferð og notkun hættulegra efna.
- býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu. Hann þekkir gæðakröfur og gæðakerfi og er fær um að leiðbeina öðrum, s.s. iðnnemum og neytendum um fagleg verkefni.
- getur lýst ábyrgðarsviði iðnmeistara og hlutverki þeirra. Hann þekkir ferli frá tilboðsgerð til afhendingar. Hann hefur innsýn í rekstur og skipulag fyrirtækja, uppbyggingu gæðahandbókar og þekkir mismunandi launakerfi.